



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

18. apríl 2005

Landssamband lögreglumanna vísar til bréfs allsherjarnefndar, dags. 13. apríl sl. Í bréfinu er farið fram á umsögn Landssambands lögreglumanna um frumvarp til laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, 698. mál, farmflutningar.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við lög nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi bætist ný grein er verði 15. gr. laganna. Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu ökumanns til að stöðva ökutæki sitt gefi lögregla eða eftirlitsmaður Vegagerðarinnar stöðvunarmerki. Landssamband lögreglumanna telur að ekki sé forsvaranlegt að aðrir en lögreglumenn hafi stöðvunarheimild ökutækja. Þá er ljóst að í þeim tilvikum er 9. gr. frumvarpsins tilgreinir getur lögregla í öllum tilvikum sinnt stöðvun brotlegra ökutækja með fullnægjandi hætti og því ekki þörf á slíkri heimild til handa starfsmönnum Vegagerðarinnar. Þá er bent á að aðeins lögreglumenn búa yfir þekkingu og reynslu um hvernig standa beri að stöðvun ökutækja en rangar aðferðir við slíkt geta haft í för með sér afar alvarlegar afleiðingar fyrir umferðaröryggi á vegum landsins. Í Lögregluskóla ríkisins hljóta lögreglumenn afar nákvæma og ítarlega kennslu og þjálfun í stöðvun ökutækja. Því má ljóst vera að starfsmenn Vegagerðar sem ekki hafa hlotið slíka þjálfun né hafa reynslu af stöðvun ökutækja eru með engu móti í stakk búnir til að taka að sér það verkefni lögreglu.

Að öðru leyti gerir Landssamband lögreglumanna ekki athugasemdir við frumvarpið og telur það ekki hafa áhrif á störf lögreglu.

F.h. Landssambands lögreglumanna,

Páll E. Winkel framkvæmdastjóri